


Almennar reglur í reiðhöll


- Hjálmaskylda er í reiðsal.
- Láta vita af sér áður en teymt er inn á völlinn.
- Farið á bak og af baki inn á miðjum velli, en ekki á reiðleiðum í útjaðri vallar.
- Fetgangur skal riðinn á innri sporaslóð þegar aðrir knapar ríða á hraðari gangtegund á ytri sporaslóð.
- Þeir sem ríða hægari gangtegund skulu ávallt víkja fyrir þeim er hraðar fara.
- Hægri umferð gildir þegar knapar mætast úr gagnstæðri átt ef riðinn er sami hraði. Undantekning frá því er ef annar knapi ríður hraðar og þá skal honum eftirlátin ytri sporaslóð.
- Tvær hestlengdir skulu ávallt milli hesta.
- Ekki má ríða hlið við hlið eða hafa tvo hesta til reiðar.
- Knapi sem ríður bauga, á hringnum, eða aðrar reiðleiðir inni á velli veitir þeim forgang sem ríða allan völlinn á sporaslóð.
- Ekki má stöðva hestinn á ystu sporaslóð. Ef stöðva þarf hest er best að gera slíkt inni á miðjum velli.
- Hringtaumsvinna fer engan veginn saman við þjálfun í reið og skal víkja nema um annað sé sérstaklega samið.
- Fylgja ber hefðbundnum reiðleiðum á vellinum og forðast skal að ríða þvert fyrir aðra knapa.
- Ef fleiri en fjórir knapar eru inn í höll er ekki æskilegt að ríða stökk né á miklum hraða nema um annað sé samið.
- Ekki má hafa lausa hesta á vellinum meðan á reiðþjálfun stendur né binda hest þar.
- Hundar eru stranglega bannaðir inn í reiðhöllinni.
- Knapar skulu sýna kurteisi og tillitssemi og forðast óróa eða hávaða.
- Öll þjálfun á völlum sem félagið leggur félagsmönnum til er á eigin ábyrgð.
- Knapar skulu ganga vel um reiðsalinn og hirða skit upp eftir sinn hest.
- Börn yngri en 13 ára þurfa að vera í fylgd með forráðamanni.

Reiðleiðirnar eru ca. 80 talsins
Hefðbundinn Reiðvöllur



Helstu reiðleiðir


Riðið á sporaslóð
Riðið á innri sporaslóð
Riðin miðlína
Ríða á baug
Baugur til baka
Riðið á hringnum
Skipt á hringjum
Skipta yfir allan völlinn
Skipt yfir hálfan völlinn (þverann)



Hér sjást ytri – og innri sporaslóð ásamt miðlínu

Skipt yfir allan völlinn


Heila rauða línan frá M – K
Punkta línan frá F – H



Skipt yfir allan völlinn

Skipt yfir þverann völlinn


E – B
B – E



Skipt yfir þverann völlinn (hálfan)


Hringurinn á vinstri hönd er Baugur (6-10 metrar)

Hringurinn á hægri hönd er reiðleiðin riðið á hringum (20 metrar í þvermál)



Riðið á hringnum og riðinn baugur.


Riðið að X og farið inn á næsta hring.



Skipt á hringjum

Riðinn átta (vinstra megin)

Baugur til baka (hægra megin)




Riðinn átta og baugur til baka

Einföld er punktalínan

Tvöföld er með tveimur sveigjum

Þreföld er með þremur sveigjum



Slöngulínur